




Landsvirkjun

LV-2001/029

Kárahnjúkavirkjun

Áhrif á útivist og ferðaþjónustu

Símakönnun og athugun meðal ferðaþjónustuaðila



Apríl 2001

RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF
FERÐAPJÓNUSTUNNAR

EFNISYFIRLIT

Samantekt	3
1.0 Inngangur	6
1.1 Markmið	6
1.2 Framkvæmd	6
1.3 Úrvinnsla	7
2.0 Íslendingar, símakönnun	9
2.1 Grunnupplýsingar	9
2.2 Komið á hálandi Íslands	10
2.3 Ferðir Íslendinga, sumarið 2000	11
2.4 Vitneskja um Kárahnjúkavirkjun og þjóðgarð norðan Vatnajökuls	12
3.0 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur & útvistarfélög	15
3.1 Skipulagðar ferðir	15
3.2 Áhrif núverandi virkjunarmannvirkja	16
3.3 Áhrif Kárahnjúkavirkjunar	17
3.4 Virkjanir, þjónusta og markaðir	19
3.5 Kárahnjúkavirkjun, mótvægisafgerðir	20
3.6 Æskilegar framkvæmdir	18
3.7 Skoðun á fullyrögum	20
3.8 Framtíðarsýn miðað við núll-lausn	22
Viðaukar	25
I Svör við opnum spurningum úr könnun meðal ferðaskrifstofa	
II Símakönnun	
III Könnun meðal ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda	
IV Kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar	
V Kort af fyrirhugaðri veglagningu NA-Vatnajökuls	

Samantekt

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tveimur nýjum rannsóknum. Annars vegar símakönnun meðal 1.100 landsmanna 18-75 ára, slembiúrtak af landinu öllu, þar sem svörun var 73%. Hins vegar könnun þar sem þátt töku 34 forsvarsmenn ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og útvistarflaga í landinu.

Símakönnun

Komið á hálendi Íslands

Um 71% svarenda höfðu komið á hálendi Íslands en 29% aldrei. Samkvæmt því má áætla að 135 þúsund Íslendingar 18-75 ára hafi farið um hálendið en að 55 þúsund manns hafi ekki lagt þangað leið sína. Fleiri karlar en konur höfðu komið á hálendið.

Hálendisferðir sumarið 2000

Um 22% þáttakenda fóru eithvað um hálendi Íslands sumarið 2000 (júní-september) að meðaltali í 2,6 skipti. Miðað við það fóru 40 þúsund Íslendingar á aldrinum 18-75 ára um hálendið síðastliðið sumar í rúmlega 100 þúsund skipti. Ríflega 1/4 hluti karla kváðust hafa komið á hálendið liðið sumar en 1/6 hluti kvenna. Er það vel marktækur munur. Fjórðungur landsbyggðarfólks kom á hálendið sumarið 2000 en 1/5 íbúa á SV-horninu.

Sex þúsund gestir

Samkvæmt niðurstöðunum má áætla að um 9 þúsund Íslendinga 18-75 ára hafi komið í Herðubreiðarlindir sumarið 2000, nær 6 þúsund í Kverkfjöll og svipaður fjöldi að Dimmugljúfrum/Kárahnjúkum. Nær þrefalt fleiri karlar en konur komu á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar og um 55% koma af SV-horninu en 45% af landsbyggðinni. Um 2/3 hlutar þeirra sem komu að Dimmugljúfrum / Kárahnjúkum voru í skoðunarferð á eigin vegum en aðrir í öðrum erindagjörðum, s.s. vegna vinnu, veiða eða smalamennsku.

Meirihlutinn nokkuð vel upplýstur

57% viðmælenda höfðu kynnt sér umfjöllunina um virkjun við Kárahnjúka, þar af 12% „vel“ en 45% „nokkuð“. 59% höfðu kynnt sér umfjöllun um þjóðgarð á hálendinu norðan Vatnajökuls, þar af 11% „vel“ en 48% „nokkuð“. Eldra fólk hafði kynnt sér málín betur en það yngra, karlar betur en konur og landsbyggðarfólk betur en íbúa SV-hornsins.

Könnun meðal ferðaskrifstofa og útvistarfélag

Skipulagðar ferðir

Þriðjungur svarenda kváðust skipuleggja einhverjar ferðir um Brúaröræfi eða Snæfellssvæðið. Alls töldu þeir sig hafa farið með nær 1.000 ferðamenn á svæðið árið 1999 og um 1.200 ferðamenn árið 2000. ¹

Áhrif núverandi virkjunarmannvirkja

Spurt var um hvaða áhrif viðmælendur teldu að virkjunarframkvæmdir í Þjórsá, Tungnaá og Blöndu hefðu haft á ferðaþjónustu á þeim svæðum, þ.e í nágrenni virkjananna. Heldur fleiri töldu áhrifin hafa verið neikvæð en jákvæð. Nær þriðjungur taldi þau hafa verið bæði neikvæð og jákvæð.

Bættar vegasamgöngur og aðgengi að stöðum voru langoftast nefnd sem jákvæðir þættir í tengslum við núverandi virkjanir á hálandinu. Sjónmengun var oftast nefnd sem dæmi um neikvæð áhrif virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu og ferðamenn á hálandinu, auk þess sem framkvæmdir hafi spilt náttúrunni og aðráttarafli hennar.

Af þeim sem afstöðu tóku (86-97% svarenda) töldu 7/8 hlutar að háspennulínur hefðu haft neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu á Íslandi, 7/10 töldu svo vera með stóriðjuver og nær 2/3 hlutar töldu miðlunararlón og stíflur hafa neikvæð áhrif. Hins vegar töldu um 2/3 að virkjana- og línuvegir hefðu haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu hér á landi.

Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á ferðamennsku

Um helmingur þeirra sem afstöðu tóku (allir utan fjórir) töldu að Kárahnjúkavirkjun, ef hún yrði að veruleika, hefði neikvæð áhrif á ferðamennsku á Íslandi og 7/10 hlutar töldu að hún hefði neikvæð áhrif á ferðamennsku á Austurlandi. Um 1/5 töldu að áhrifin yrðu jákvæð.

Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á upplifun og heimsóknartíðni

Rúmlega 6/7 hluti svarenda töldu að fyrirhuguð mannvirki á svæðinu vegna Kárahnjúkavirkjunar hefðu áhrif á upplifun þeirra af svæðinu. Flestir töldu að þau áhrif yrðu neikvæð, vegna sjónmengunar og þess að óspilt náttúra raskaðist.

Nær 2/5 hlutar viðmælenda voru óákveðnir þegar spurt var hvort þeir teldu að fyrirhuguð virkjunarmannvirki hefðu áhrif á tíðni heimsókna þeirra á svæðið. 1/3 töldu að þeir kæmu þangað sjaldnar, 1/5 jafn oft og 1/8 oftar.

¹. Nokkuð bar á misskilningi í svörum við spurningu um hvort viðkomandi skipuleggðu ferðir um svæðið, þannig að fæeinir svarendur töldu svæðið viðfeðmara en það í raun er. Er því rétt að hafa varann á varðandi þessar niðurstöður og eru líkur að fjöldi gesta í skipulögðum ferðum á Snæfellssvæðið og Brúaröræfi sé eitthvað ofmetinn.

Virkjanir; þjónusta og markaðir

Nær 3/5 hlutar álitu markað vera fyrir aukna þjónustu við ferðamenn í formi fræðsluskilta við framkvæmdasvæði virkjana og fyrir skipulagða leiðsogn á framkvæmdatíma.

Rúmlega helmingur taldi ekki vera markað fyrir því að skoða hæstu stíflu Vestur-Evrópu, en þó töldu margir svo vera; einkum væri áhugi á því meðal fólks í ákveðnum faghópum. Nokkrir töldu algengt að gólk hefði áhuga á slíku mannvirki.

Mótvægisaðgerðir

Mótvægisaðgerðir vegna Kárahnjúkavirkjunar voru helst taldar felast í því að fella mannvirki eins vel að umhverfinu og kostur væri og jafnframt auka fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna. Ýmsir töldu óraunhæft að viðhalda aðdráttaraflí svæðisins sem ósnortins svæðis kæmi til virkjunar og að ímyndin myndi óhjákvæmilega breytast.

Æskilegar framkvæmdir

Til að fýsilegt væri að fylgja ferðum á Snæfellssvæðið og Brúaröræfi töldu rúmlega 7/10 hlutar að leggja ætti fleiri gönguleiðir um svæðið eða gefa út eða endurbæta gönguleiðakort og nær 2/3 að bæta þyrfti gistimöguleika (undir þaki). Meiri-hlutinn vildi jafnframt að núverandi vegir/slóðar væru bættir og einnig tjaldstæði á svæðinu en um 2/5 hlutar svarenda töldu þörf á að leggja nýja vegi.

Afstaða til fullyrðinga

Allir sem afstöðu tóku voru sammála því að vegakerfið á Snæfellssvæðinu og Brúaröræfum ætti að skipuleggja með þarfir ferðaþjónustu og útivistar að leiðarljósi og 3/4 voru ósammála því að virkjunarframkvæmdir væru forsenda vegagerðar þar. Um 4/5 þeirra voru ósammála þeirri fullyrðingu að virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn en 3/4 voru sammála því að virkjanir og ferðaþjónusta faeru þar ekki vel saman. Meirihluti viðmælenda voru ósammála því að virkjunarmannvirki á svæðinu myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og útivist en rúmlega 2/5 voru því sammála. Rúmlega 9/10 hlutar viðmælenda voru því sammála að vinna ætti að stofnun eins stærsta þjóðgarðs í Evrópu á hálandinu norðan Vatnajökuls. Allt að 1/5 svarenda voru hlutlausir í afstöðu sinni til einstakra fullyrðinga.

Framtíðarsýn miðað við náll-lausn

Flestir töldu að svæðið ætti framtíð fyrir sér í ferðaþjónustu sem lítt snortið útivistarsvæði ef ekki kæmi til virkjunar við Kárahnjúka, einkum fyrir áhugafólk um náttúruskoðun og gönguferðir. Forsendan væri stofnun þjóðgarðs, bætt aðgengi, fræðsla og hófleg uppbygging á annarri þjónustu, s.s. gistingu og veitingum.

1.0 Inngangur

1.1 Markmið

Þessi greinargerð er liður í mati á áhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar norðaustan Vatnajökuls á útvist og ferðaþjónustu sem Landmótun vinnur nú að fyrir Landsvirkjun.

Litlar upplýsingar eru til um ferðamenn á Snæfellssvæðinu og Brúaröræfum. Jafnframt hefur afstaða hinnar svokölluðu „ferðaþjónustu“ til virkjunarframkvæmda á hálandi Íslands ekki verið rannsokuð. Því var ákveðið, í október s.l., að Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar framkvæmdu tvennis konar rannsóknir til að auðvelda mat á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á ferðaþjónustu í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Þær rannsóknir voru sem hér greinir:

- Símakönnun meðal almennings (*viðauki III*).
- Athugun á viðhorfum innlendra ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og útvistarfélaga til fyrirhugaðra framkvæmda (*viðauki II*).²

Einnig munu niðurstöður rannsókna sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar gerði fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, m.a. meðal ferðamanna norðan Vatnajökuls sumarið 2000, nýtast til að skoða atferli og skoðanir erlendra og innlendra gesta á svæðinu. Þær niðurstöður voru kynntar í febrúar 2001. Vitneskjan er þó enn gloppótt því afar lítið hefur verið gert af rannsóknum á ferðaþjónustu og ferðamönnum í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis Kárahnjúkavirkjunar.

1.2 Framkvæmd

Símakönnun

Í símakönnun var úrtakið 1.100 manns, 18-75 ára, slembiúrtak af landinu öllu. Svör fengust frá 800 manns og var svarhlutfallið því 73%. Könnunin fór fram á tímabilinu 23. október - 10. nóvember 2000. Þar var fyrst spurt hvort viðkomandi hefðu einhvern tíma komið á hálandi Íslands. Síðan var spurt hvort þeir hefðu komið í Herðubreiðarlindir, Kverkfjöll eða á fyrirhugað framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar síðastliðið summar (júní-september). Spurt var um tilgang heimsóknar á fyrirhugað framkvæmdasvæði og að lokum hvort fólk hefði kynnt sér framkvæmdir við fyrirhugaða virkjun eða umræðu um þjóðgarð norðan Vatnajökuls (*viðauki III*).

². Ferðaþjónustan er mjög flókin og samsett atvinnugrein og eru ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur þar einungis einn þáttur af mörgum, mjög mikilvægur þó. Í þessu tilviki var ákveðið að beina sjónum að framkvæmdastjórum slíkra fyrirteikja, ekki síst vegna þess að þar eru ferðir skipulagðar, markaðssettar og seldar. Ferðaskrifstofur ákveða hvenær boðið skuli upp á nýja ferðamöguleika og hafa því mikil áhrif á þróun ferðaþjónustunnar og dreifingu ferðamanna um landið - og bera þar jafnframt verulega ábyrgð. Því hlýtur afstaða þeirra í þessu málum að vera forvitnileg og skipta máli.

Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og útvistarfélag

Athugunin meðal stjórnenda ferðaskrifstofa/ferðaskipuleggjenda og útvistarféлага var send viðkomandi í pósti eftir samþykki í síma. Jafnframt var viðtalstími ákveðinn skömmu síðar til að tryggja heimtu á svörum. Nokkur svör utan af landi voru innheimt með símtali. Könnuninni fylgdi kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og texti um áætlaðar framkvæmdir (*viðauki IV*).

1.3 Úrvinnsla

Í símakönnuninni eru viðmælendur fyrst skoðaðir sem heild. Svörin eru síðan krosskeyrð við kyn, aldur, búsetu og atvinnu svarenda, eftir því sem við á.

Pegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk eða skekkjumörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á heildina, í þessu tilviki Íslendinga á aldrinum 18-75 ára, en samkvæmt þjóðskrá telja þeir nú um 190 þúsund. Í 1. töflu má finna fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og svörun góð. Taflan miðar við 95% öryggis-mörk sem notuð eru í þessari skýrslu.

1. tafla

Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi svara	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
500	1,9	2,6	3,1	3,5	3,9	4,1	4,3	4,4
700	1,7	2,3	2,7	3,1	3,4	3,5	3,8	4,0
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1

Í símakönnuninni voru góð og gild svör frá 800 þáttakendum. Sé miðað við að allir sem tóku þátt hafi svarað spurningunum, eins og var í þessari könnun, þá verður frávikið frá gefnu hlutfalli + -1,7%. Ef svörun við spurningu fellur niður í 80% verður frávikið hins vegar + -2,9% (á ekki við hér). Ef eingöngu eru skoðuð svör frá þeim 350 svarendum í könnuninni sem búa utan SV-hornsins er frávikið + -2,3%. Pessa tölfræði er rétt að hafa í huga þegar niðurstöður úr símakönnun eru skoðaðar.

Í athugunum meðal ferðaskrifstofa á þessi aðferðafræði ekki við sökum þess hve fáir svarendur eru, enda sjónum beint að fámennum markhópum. Fjallað er um þá rannsókn í kafla 3.0 og hlutfallsskipting í prósentum sýnd. Öll skrifleg (opin) svör í þessum athugunum fylgja með í skýrslunni eða í viðauka I.

2.0 Íslendingar - símakönnun


2.1 Grunnupplýsingar

Nokkur meirihluti svarenda í símakönnuninni voru karlar, rúmlega 54%.

Meðalaldur svarenda var 42,1 ár og skipting þeirra eftir aldurshópum sem sýnd er í 1. línum. ³

1. súlurit

Aldursbil




Um 58% þáttakenda bjuggu á SV-horni landsins, á Reykjanesi eða í Reykjavík, en 42% á landsbyggðinni. ⁴

Stærsti starfshópurinn voru skrifstofu-og þjónustufólk, síðan verkafólk og kennarar/heilbrigðisstéttir. Nemendur og iðnaðarmenn voru um tíundi hluti svarenda. ⁵

2. súlurit

Atvinna



³. Þessi aldursskipting er í góðu samræmi við aldursskiptingu þjóðarinnar 1. des. 2000 (Hagstofa Íslands).

⁴. Samkvæmt Hagstofunni bjuggu 68% Íslendinga 18-75 ára á SV-horninu en 32% á landsbyggðinni, 1. des. 2000. Verður tekið mið af þeiri staðreynd við úrvinnslu skýrslunnar, einkum þegar gestafjöldi á einstökum stöðum og svæðum er áætlaður m.t.t. búsetuskiptingar.

⁵. Skil milli tiltekinna starfsstéttu eru nokkuð fljótandi.

2.2 Komið á hálendi Íslands

71% svarenda höfðu komið á hálendi Íslands en 29% aldrei.⁶ Samkvæmt þessu má áætla að 135 þúsund Íslendingar 18-75 ára hafi farið eitthvað um hálendið en að 55 þúsund manns hafi ekki lagt þangað leið sína.⁷

Þegar niðurstöður úr spurningunni eru rýndar eftir kyni, aldurshópum og búsetu kemur í ljós að tölувert fleiri karlar en konur höfðu komið á hálendi Íslands.⁸ Er sá munur vel marktækur. Miðað við þrískiptingu aldurshópa var hins vegar ekki marktækur munur á komum þeirra á hálendið.⁹ Ekki var heldur munur á komum gesta eftir því hvort þeir bjuggu á SV-horninu eða á landsbyggðinni.

2. tafla

Hálendisfarar¹⁰

%	Kyn		Aldurshópar			Búseta	
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV	LB
Hálendi Íslands	77	65	71	73	69	72	71

Fjórir af hverjum fimm íbúum á Norðurlandi eystra og Suðurlandi höfðu komið á hálendið en um og innan við helmingur viðmælenda á Vestfjörðum og Vesturlandi.

Um 4/5 háskolasérfræðinga, iðnaðarmanna og stjórnenda höfðu komið á hálendið, um 7/10 hluti vercafólks, heilbrigðisstéttu/kennara, skrifstofu-og þjónustufólks og nemenda, 2/3 hluti bænda og lífeyrisþega en einungis um helmingur húsmæðra.

6. Hafa ber í huga að ekki var spurt um tíðni hálendisferða, heldur einungis hvort fólk hefði komið á hálendið eða ekki.

7. Hér við bælast síðan 0-17 ára börn/unglingar og borgarar 76 ára og eldri, en líklegt er að yfir helmingur þeirra hafi komið á hálendið. Landsmenn í þessum aldurshópum eru nú um 93 þúsund.

8. Þannig má áætla að af þessum 135 þúsund gestum á hálendi Íslands, á aldrinum 18-75 ára, séu um 73 þúsund karlar og 62 þúsund konur.

9. Sé svarendum skipt í sex aldurshópa (18-25 ára, 26-35 ára o.s.frv) kemur í ljós að 65% þeirra sem eru 18 - 25 ára höfðu komið á hálendið en 73-75% þeirra sem eru í næstu þremur aldurshópum þar fyrir ofan, þ.e. 26-55 ára. Er það marktækur munur.

10. Í undirdálkum fyrir búsetu stendur SV fyrir Suðvestur hornið og LB fyrir landsbyggðina.

2.3 Ferðir Íslendinga, sumarið 2000

Hálendið

Um 22% þátttakenda í símakönnuninni fóru eitthvað um hálendi Íslands sumarið 2000 (júní-september) að meðaltali í 2,6 skipti. Miðað við það fóru 40 þúsund Íslendingar á aldrinum 18-75 ára um hálendið síðastliðið sumar í rúmlega 100 þúsund skipti. Ríflega helmingur þeirra kom þangað einu sinni, fjórðungur tvisvar, 1/6 hluti í 3-6 skipti en 1/20 í sjö skipti eða oftar. Ríflega 1/4 karla kváðust hafa komið á hálendið liðið sumar en einungis 1/6 hluti kvenna. Er það vel marktækur munur. Fjórðungur landsbyggðarfólks kom á hálendið sumarið 2000 en 1/5 íbúa á SV-horninu.

Nær 2/5 hlutar háskólasérfræðinga og iðnaðarmanna komu á hálendið sumarið 2000, um 1/4 hluti heilbrigðisstarfsfólks/kennara, stjórnenda og bænda, 1/5 skrifstofu-og þjónustufólks og nemenda, 1/6 verkafólks, 1/7 húsmæðra og 1/9 hluti lífeyrisþega.

Herðubreiðarlindir – Kverkfjöll – Dimmugljúfur / Kárahnjúkar

4,8% svarenda kváðust hafa komið í Herðubreiðarlindir s.l. sumar en 3,3% í Kverkfjöll og jafn margir á fyrirhugað framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Samkvæmt því má áætla að um 9 þúsund Íslendinga 18-75 ára hafi komið í Herðubreiðarlindir sumarið 2000, nær 6 þúsund í Kverkfjöll og svipaður fjöldi að Dimmugljúfrum/Kárahnjúkum.

Þannig virðist um 1/5 hluti þeirra sem fóru um hálendið s.l. sumar hafa komið í Herðubreiðarlindir en 1/7 hluti í Kverkfjöll eða Dimmugljúfur/Kárahnjúka.

3. tafla

Komugestir, sumarið 2000

	% Kyn	Aldurshópar			Búseta		
		Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV
Hálendi Íslands	26,7	16,7	21,2	25,2	17,1	20,2	24,9
Herðubreiðarlindir	6,5	2,7	4,1	5,5	4,5	4,4	5,3
Kverkfjöll	4,2	2,2	3,1	3,7	2,6	3,3	3,3
Dimmugljúfur / Kárahnjúkar	4,6	1,6	2,4	4,3	2,6	2,4	4,5

Athygli vekur að um tvöfalt hærra hlutfall karla en kvenna kváðust hafa komið í Herðubreiðarlindir og Kverkfjöll s.l. sumar og nær þrisvar sinnum fleiri karlar en konur á fyrirhugað framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar, meirihlutinn á miðjum aldrí (36-55 ára).

Niðurstöður benda til þess að ríflega helmingur innlendra ferðamanna að Dimmugljúfrum/Kárahnjúkum sumarið 2000 hafi komið frá SV-horninu (55%) en tæpur helmingur af landsbyggðinni (45%). Hátt hlutfall landsbyggðarfólks, miðað við fjölda þeirra á landsvísu, skýrist af því hve margir svarendur af Austurlandi höfðu komið á virkjunarsvæðið. Hins vegar komu einungis 1,7% svarenda úr öðrum landsbyggðarfjördæmun þangað liðið sumar.

Hvers vegna að Dimmugljúfrum / Kárahnjúkum?

24 þeirra sem kváðust hafa komið á fyrirhugað framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar gáfu skýringar á komu sinni (92%). 2/3 hlutar þeirra komu þangað á eigin vegum til að skoða svæðið (skoðunarferð/forvitni/mynda sér skoðun), 1/8 beinlínis vegna framkvæmdanna (mynda fyrir sjónvarp/mótmæla/ferð með Landsvirkjun), 1/12 hluti voru í gönguferð eða veiðiferð, einn með ferðamenn og einn kom þangað vegna þátttöku í smalamennsku. Öll svörin fara hér á eftir í þeirri röð sem þau komu fyrir frá þátttakendum:

- Til að mynda fyrir sjónvarpið og skoða
- Skoða
- Skoðunarferð
- Með stjórn Landsvirkjunar
- Áróðursferð gegn virkjun
- Skoða
- Átti leið hjá
- Bara skoða
- Forvitnast
- Skipulögð gönguferð
- Skoða
- Berja svæðið augum í annað sinn
- Til skemmtunar, fróðleiks og til að mynda mér skoðun
- Í skoðunarferð
- Afforvitni
- Með ferðafólk. Kom þangað marg oft
- Skoðunarferð
- Viku gönguferð
- Smala fé
- Til að forvitnast
- Forvitnast
- Veiðar
- Skjóta hreindýr
- Forvitnast

Allar konur sem komu á svæðið voru að skoða/forvitnast en karlar gáfu upp fjölbreytilegri ástæður.

2.4 Vitneskja um Kárahnjúkavirkjun og þjóðgarð norðan Vatnajökuls

Annars vegar var spurt hvort viðmælendur hefðu kynnt sér, t.d. í fjölmíðum, annars vegar umræðuna um virkjunarhugmyndir við Kárahnjúka og hins vegar hugmyndir um þjóðgarð á hálandinu norðan Vatnajökuls, sem einnig hefur verið til umfjöllunar.

Virkjun við Kárahnjúka

57% viðmælenda höfðu kynnt sér umfjöllunina um virkjun við Kárahnjúka, þar af 12% „vel“ en 45% „nokkuð“. Hins vegar höfðu 43% ekkert kynnt sér hana. Sé þetta leiðrétt samkvæmt búsetutölum Hagstofunnar, á SV-horninu og landsbyggðinni, benda niðurstöður til þess að um 54% Íslendinga 18-75 ára hafi kynnt sér málid, um 103 þúsund einstaklingar. Hins vegar hafi 87 þúsund ekki fylgst með umræðunni.

Nær tveir þriðju hlutar karla (65%) höfðu kynnt sér virkjunarhugmyndirnar en tæplega helmingur kvenna (47%). Er sá munur vel marktækur og jafngildir því að um 60 þúsund karlar og 43 þúsund konur 18-75 ára hafi kynnt sér málið.

2/3 hlutar þáttakenda á landsbyggðinni (67%) höfðu kynnt sér virkjunarhugmyndirnar en helmingur íbúa SV-hornsins (49%) og er sá munur marktækur. Jafngildir hann því að 63 þúsund íbúar á SV-horninu og 40 þúsund íbúar á landsbyggðinni 18-75 ára hafi kynnt sér þessi mál. Íbúar á Austurlandi höfðu helst kynnt sér virkjunarhugmyndirnar, þar af 29% vel og einungis 14% höfðu ekkert kynnt sér þær. Hins vegar höfðu 55% íbúa á Reykjanesi ekki kynnt sér málið.

4. tafla**Kynnt þér umfjöllun um Kárahnjúkavirkjun?**

- eftir kyni, aldurshópum og búsetu -

% Kyn	Aldurshópar			Búseta			
	Karl 18	Kona 6	18-35	36-55	>55	SV 9	LB 17
Vel	18	6	8	14	15	9	17
Nokkuð	47	41	35	48	55	40	50
Ekkert	35	53	57	38	30	51	33

Nánari greining á vitneskju kynjanna eftir aldri og búsetu er sýnd í 5. töflu.

5. tafla**Kynnt þér umfjöllun um Kárahnjúkavirkjun?**

- nánar eftir kynjum -

% KARLAR	KARLAR			KONUR						
	Aldursbil			Búseta						
	18-35	36-55	>55	SV	LB	18-35	36-55	>55	SV	LB
Vel	13	21	17	12	24	3	5	13	6	6
Nokkuð	38	52	55	46	49	31	43	56	35	52
Ekkert	49	27	28	42	27	66	52	31	59	42

Þeir sem höfðu kynnt sér virkjunarhugmyndir vel voru að jafnaði 46 ára en þeir sem höfðu ekki kynnt sér þau mál voru að meðaltali 38 ára. Þannig hafði eldra fólk almennt kynnt sér hugmyndir um virkjun betur en þeir sem yngri voru.

Ríflega 4/5 bænda höfðu eithvað kynnt sér hugmyndir um Kárahnjúkavirkjun, tæplega 3/4 háskólasérfræðinga, um 2/3 lífeyrisþega, stjórnenda og heilbrigðisstéttar/kennara, 3/5 iðnaðarmanna og verkafólks, helmingur skrifstofu-/þjónustufólks og húsmæðra en aðeins um 1/3 hluti nemenda.

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls

59% höfðu kynnt sér umfjöllun um þjóðgarð á hálandinu norðan Vatnajökuls, þar af 11% „vel“ en 48% „nokkuð“. Hins vegar höfðu 41% ekkert kynnt sér hana. Sé þetta leiðrétt samkvæmt tolum Hagstofunnar má leiða að því líkum að 57% Íslendinga 18-75 ára hafi kynnt sér málið, eða um 108 þúsund einstaklingar, en að 82 þúsund manns hafi ekki kynnt sér það.

Nær 2/3 hluti karla höfðu kynnt sér þjóðgarðshugmyndina en rúmlega helmingur kvenna. Er sá munur vel marktækur en þó talsvert minni en hvað varðar þekkingu á virkjunarhugmyndum við Kárahnjúka. Samsvarar þetta því að um 60 þúsund karlar og 49 þúsund konur 18-75 ára hafi kynnt sér þjóðgarðshugmyndina.

2/3 þáttakenda á landsbyggðinni höfðu kynnt sér þjóðgarðshugmyndirnar en góður helmingur íbúa á SV-horninu. Er munurinn marktækur og jafngildir það því að 69 þúsund íbúar á SV-horninu og 40 þúsundir íbúa á landsbyggðinni 18-75 ára þekki málavöxtu. Íbúar á Austurlandi höfðu í þessu tilviki kynnt sér málið í svipuðum mæli og íbúar annarra landsbyggðarkjördæma.

6. tafla Kynnt þér hugmyndir um þjóðgarð norðan Vatnajökuls? - eftir kyni, aldurshópum og búsetu -

% Kyn	Aldurshópar			Búseta			
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV	LB
Vel	15	7	6	13	14	8	16
Nokkuð	49	46	42	52	51	47	50
Ekkert	36	47	52	35	35	46	34

Nánari greining á vitneskju kynjanna eftir aldri og búsetu er sýnd í 7. töflu.

7. tafla Kynnt þér hugmyndir um þjóðgarð norðan Vatnajökuls? - nánar eftir kynjum -

% Aldursbil	KARLAR			KONUR			Búseta	
	Aldursbil			Aldursbil				
	18-35	36-55	>55	18-35	36-55	>55		
Vel	9	20	14	9	21	4	5	
Nokkuð	44	54	47	51	47	39	49	
Ekkert	47	26	39	40	32	57	46	

Peir sem töldu sig hafa góða þekkingu á þjóðgarðshugmyndum norðan Vatnajökuls voru að jafnaði 47 ára en þeir sem höfðu ekki kynnt sér málið voru 39 ára að meðaltali. Þá var umtalsverður aldursmunur á þeim sem höfðu kynnt sér þjóðgarðsumræðuna „vel“ og þeim sem höfðu kynnt sér hana „nokkuð“ (43,5 ára).

Ríflega 4/5 bænda höfðu eitthvað kynnt sér hugmyndir um þjóðgarð norðan Vatnajökuls, tæplega 3/4 lífeyrisþega, um 2/3 hlutar stjórnenda, heilbrigðisstéttu/kennara, iðnaðarmanna og háskólasérfræðinga, 3/5 verkafólks og húsmæðra, rúmlega helmingur skrifstofu-/þjónustufólks en aðeins um 2/5 hlutar nemenda.

2.0 Kónnun meðal ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda & útvistararfélaga

Hér á eftir verða kynntar niðurstöður úr kónnun meðal 34 framkvæmdastjóra eða deildarstjóra innanlandsdeilda ferðaskrifstofa auk ferðaskipuleggjenda. Ennfremur tóku forsvarsmenn 4x4 klúbbsins, Ferðafélags Íslands, Útvistar og Skotveiðifélags Íslands þátt í könnuninni.

Svarendur skiptust sem hér greinir:

<i>Smærri ferðaskrifstofa</i>	13
<i>Stór ferðaskrifstofa</i>	8
<i>Ferðaskipuleggjandi</i>	9
<i>Félag</i>	4

Rúmlega $\frac{3}{4}$ svarenda voru karlar.

3.1 Skipulagðar ferðir

Um þriðjungur svarenda kváðust skipuleggja einhverjar ferðir um Brúaröræfi eða Snæfellssvæðið. Alls töldu þeir sig hafa farið með nær 1.000 ferðamenn á svæðið árið 1999 og um 1.200 ferðamenn árið 2000. Eru þar meðtaldir þeir sem skipuleggja ferðir fyrir gönguhópa milli Snæfellssvæðisins og Lónsöræfa. Algengast var að 20-60 ferðamenn frá hverjum aðila hefðu farið um svæðið á þeirra vegum en þrír töldu sig hafa farið með yfir 100 manns, mest rúmlega 300 ferðamenn. Ekki treystu allir sér til að flokka gestina eftir búsetu en þeir sem það gerðu töldu að flestir kæmu frá Þýskalandi (2/5), Frakklandi (1/5) og Bretlandi (1/7).¹¹

Ljóst er að nú koma fremur fáir gestir í skipulögðum ferðum á vegum ferðaskrifstofa á þetta svæði, m.a. sökum þess hve óaðgengilegt það er, en margir telja að svæðið eigi góða möguleika í ferðaþjónustu framtíðarinnar (sjá kafla 3.8).


¹¹. Nokkuð bar á misskilningi í svörum við þessari spurningu og skyldu fáeinir það svo að vatnusvæði Jökulsár á Fjöllum felli innan skilgreiningar á svæðinu og þar með heimsóknir í Jökulsárgljúfur. Er því rétt að hafa varann á varðandi þessar niðurstöður og eru líkur að fjöldi gesta í skipulögðum ferðum á Snæfellssvæðið og Brúaröræfi sé nokkuð ofmetinn.

3.2 Áhrif núverandi virkjunarmannvirkja

Þjórsá, Tungnaá og Blanda

Spurt var hvaða áhrif viðmælendur teldu að virkjunarframkvæmdir í Þjórsá, Tungnaá og Blöndu hefðu haft á ferðaþjónustu á þeim svæðum, þ.e svæðunum í nágrenni virkjananna. Heldur fleiri töldu áhrifin hafa verið neikvæð en jákvæð. Nær þriðjungur taldi þau hafa verið bæði neikvæð og jákvæð.

1. skífurit Áhrif virkjunarframkvæmda í Þjórsá, Tungnaá og Blöndu á ferðamenn og ferðaþjónustu á svæðunum



Um 2/3 hluti svarenda útskýrðu betur hver þeir teldu vera áhrif virkjunarframkvæmda á hálendinu, jákvæð sem neikvæð (sjá öll svör í viðauka I).

Bættar vegasamgöngur og aðgengi að stöðum voru langoftast nefnd sem jákvædir þættir í tengslum við núverandi virkjanir á hálendinu.

Sjónmengun var oftast nefnd sem dæmi um neikvæð áhrif virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu og ferðamenn á hálendinu, auk þess sem framkvæmdir hafi spilt náttúrunni og aðdráttarafli hennar.


Virkjunartengd mannvirki

Spurt var hvort þátttakendur teldu að eftirtalin mannvirki, sem hér hafa risið síðustu áratugi, hafi haft áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu á Íslandi:

- Miðlunarhlón og stíflur
- Háspennulínur
- Virkjana-og línuvegir
- Stóriðjuver

Af þeim sem afstöðu tóku (86-97% svarenda) töldu 7/8 hlutar þeirra að háspennulínur hefðu haft neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu á Íslandi, 7/10 töldu svo vera með stóriðjuver og nær 2/3 töldu miðlunarhlón og stíflur hafa neikvæð áhrif. Hins vegar töldu um 2/3 að virkjana- og línuvegir hefðu haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Íslandi.¹²

¹². Um fjórðungur, átta svarendur, tóku ekki afstöðu til áhrifa af virkjunum og miðlunarhlónum, fjórir til fimm tóku ekki afstöðu til stóriðju eða virkjana-og línuvega en einungis tveir tóku ekki afstöðu til áhrifa af háspennulínum.

3. súlurit**Áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu á Íslandi**


2/3 komu með skriflegar útskýringar við þessari spurningu (sjá viðauka I). Fjalla þær mun meira um hina neikvæðu þætti vegna mannvirkjanna, einkum neikvæð áhrif vegna háspennulína og á ímynd og ásýnd landins. Bætt aðgengi og vegir eru sem fyrr nefndir sem hinir jákvæðu þættir.

3.3 Áhrif Kárahnjúkavirkjunar

Spurt var um ætluð áhrif Kárahnjúkavirkjunar á ferðamennsku, annars vegar á Íslandi öllu og hins vegar á Austurlandi. Jafnframt var spurt um hvort fyrirhuguð mannvirki hefðu áhrif á upplifun svarenda af viðkomandi svæði og tíðni heimsókna þeirra þangað.

Áhrif á ferðamennsku á Íslandi og á Austurlandi

Um helmingur þeirra sem afstöðu tóku (allir utan fjórir) töldu að Kárahnjúkavirkjun, ef hún yrði að veruleika, hefði neikvæð áhrif á ferðamennsku á Íslandi öllu og 7/10 hlutar töldu að hún hefði neikvæð áhrif á ferðamennsku á Austurlandi. Um 1/5 álitu að áhrifin yrðu jákvæð.

2. skífurit**Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á ferðapjónustu**

Skriflegar útskýringar svarenda við þessari spurningu eru í viðauka I.

Áhrif á upplifun

Rumlega 6/7 hlutar þeirra svarenda sem tóku afstöðu til spurningarinnar (allir utan þrír) töldu að fyrirhuguð virkjunarmannvirki vegna Kárahnjúkavirkjunar hefðu áhrif á upplifun þeirra af svæðinu. Flestir útskýrðu mál sitt frekar og sem hér greinir.

Áhrif á upplifun; útskýringar

- Reiði, eftirsjá, sorg.
- Ég yrði fráleit jafn snortinn og nú. Mér fyndist svæðið gerbreyta um ímynd og hafa mun minna aðdráttarafl. Langar ekki að koma þangað ef svo væri.
- Sjónmengun. Heftir siglingar í ánni.
- Allt sem stingur í stúf við náttúrulegt umhverfi (umhverfi sem hefur þróast af sjálfu sér í árbúasundir) hefur áhrif á upplifunina. Ef viðkomandi mannvirki eru eftir getu felld að umhverfinu lágmarkast neikvæð áhrif.
- Eftirsjá af óspilltu Íslandi. Getum við ekki fundið aðra leið til að afla tekna. Við erum 270 þúsund manna þjóð.
- Tel að ímynd hreinnar og óspilltrar náttúru hverfi.
- Þær skemma upplifunina á ósnortinni náttúru
- Hversu hátt verð eru framkvæmdaraðilar tilbúnir að greiða fyrir náttúruperlur sem fara forgörðum?
- Ég tel að Íslendingar og erlendir ferðamenn séu að sækja í óspilla náttúru. Það myndi breytast með mannvirkjum sem tengjast stórum virkjunum.
- Mér finnst að mannvirki af þessu tagi hljóti að skemma og landið myndi ekki vera sígnilegt.
- Tregi og depurð.
- Neikvæð.
- 90% ferðamanna, þar á meðal ég, viljum náttúruupplifun. Ljótu menguðu umhverfi sækjumst við ekki eftir.
- Forðast staði sem hefur verið virkjað á.
- Auðvitað hverfur „Palli var einn í heiminum upplifunin“ en einhverju verður að fórná.
- Þarf að upplifa.
- Landið verður ekki ósnortið. Mikil landsvæði horfið undir jökulvatn.
- Neikvæð.
- Eyðilegging á stórbrotinni náttúru. Sorg, reiði og svo framvegis
- Svæðið missir að mjög stórum hluta ímynd sína sem náttúruperlur - ósnert og óspilt.
- Allt aðrar forsendar.
- Svæðið ekki lengur náttúrulegt.
- Verður ekki dæmi um ósnortna náttúru landsins.
- Mjög neikvæð áhrif, því þetta svæði er svo einstakt.

Áhrif á heimsóknartíðni

Nær 2/5 hlutar svarenda voru óákveðnir og merktu við „veit ekki“ þegar spurt var hvort þeir teldu að fyrirhuguð virkjunarmannvirki hefðu áhrif á tíðni heimsókna þeirra á svæðið. 1/3 töldu að þeir kæmu þangað sjaldnar en áður, 1/5 jafn oft og 1/8 oftar.

3.4 Virkjanir; þjónusta og markaðir

Spurt var hvort viðmælendur teldu markað fyrir aukna þjónustu við gesti á byggingartíma virkjana og jafnframt hvort markaður væri fyrir því að skoða hæstu stíflu í Vestur-Evrópu, þ.e. fyrirhugaða Kárahnjúkastíflu.

Nær 3/5 hlutar svarenda töldu markað fyrir fræðsluskilti við framkvæmdasvæði virkjunar og skipulagða leiðsögn um framkvæmdasvæðið.

Rúmlega helmingur taldi ekki vera markað fyrir því að skoða hæstu stíflu Vestur Evrópu en ýmsir töldu svo vera, einkum meðal fólks í ákveðnum atvinnugreinum eða faghópum. Nokkrir töldu áhuga fólks á slíkum mannvirkjum vera almennan.

8. tafla

Markaður fyrir virkjunum og þjónustu þar

	%	MARKAÐUR?	
		Já	Nei
Koma upp fræðsluskiltum við framkvæmdasvæði virkjana	57	43	
Bjóða upp á skipulagða leiðsögn um framkvæmdasvæði virkjana	59	41	
Skoða hæstu stíflu í Vestur-Evrópu	47	53	

Þjónusta á byggingartíma virkjana; hugmyndir

- Gefa út smárit um svæðið og framkvæmdirnar á erlendum málum.
- Góð og almenn kynning.
- Því miður ekki.
- Erlendir ferðamenn á Íslandi hafa yfirleitt sýnt slíkum svæðum líttinn áhuga en frekar virðist sem Íslendingar geri það.
- Það er hægt að skoða verkfræðinga allstaðar í heiminum.
- Greinargóð kort og vegvísa vegna breyttra akstursleiða um virkjunarsvæðið.
- Það myndi ekki vera áhugi fyrir því að taka þátt í ferð um virkjanasvæðið á Íslandi. Lang-stærsti hluti gesta kemur til þess að heimsækja Ísland sem náttúruperadís og þá skiptir óspillt náttúra mjög miklu máli.
- Ekki eftirsótt af ferðamönnum í þeim virkjunum sem nú eru.
- Landsvirkjun gæti skipulagt ferðir fyrir þá fjölmörgu sem vilja mótmæla þessum framkvæmdum.

Nánari svör við því hvort markaður sé fyrir því að skoða hæstu stíflu í Vestur-Evrópu eru í viðauka I.

3.5 Kárahnjúkavirkjun; mótvægisadgerðir

Spurt var um hvaða mótvægisadgerðir væru nauðsynlegar til að viðhalda aðdráttaraflí svæðisins yrði Kárahnjúkavirkjun að veruleika. Mótvægisadgerðir voru helst taldar felast í því að fella mannvirkni eins vel að umhverfinu og kostur væri og jafnframt að auka fræðslu og upplýsingar til ferðamanna. Ýmsir töldu óraunhaeft að viðhalda aðdráttaraflí svæðisins sem ósnortins svæðis kæmi til virkjunar og að ímyndin myndi óhjákvæmilega breytast.


Öll svör viðmælenda fara hér á eftir:

- Tel að svæðið muni ekki hafa aðdráttarafl, sbr. Þjórsár- og Tungnaárvæðið.
- Svæðið mun ekki hafa aðdráttarafl. Ferðamenn leita annað.
- Með skipulagningu og því að hugsa um umhverfisþáttinn er hægt að gera þetta áfram aðlaðandi.
- Umfjöllun um svæðið. Kynna möguleikana á hvað er að sjá.
- Ég tel illmögulegt að viðhalda núverandi aðdráttarafl. Það verður að finna nýtt aðdráttarafl með breyttri ímynd og ásýnd.
- Þjóðgarðsstofnun þar sem villtum dýrum verður gert hærra undir höfði.
- Prátt fyrir virkjanir gæti þjóðgarður orðið að veruleika samkvæmd alþjóðamælikvarða.
- Að Landsvirkjun leggi fjármuni að mörkum til að stuðla að auknum ferðamannastrumi á Austurlandi
- Skaðinn er þá skeður og er óbætanlegur.
- Bæta móttöku ferðamanna á svæðinu, s.s. með upplýsingamiðstöð, veitingasölu, fleiri landvörðum, bættri gistingu og fleiru.
- Stíflan verði akfær allt árið en allri vegagerð halddið innan skynsamlegra marka.
- Koma í veg fyrir sjónmengun.
- Að allt annað svæði í kringum Vatnajökul verði gert að þjóðgarði.
- Ef virkjað verður á þessu svæði þá getum við ekki augljýst svæðið sem óspillt. Aðdráttarafl svæðisins er það hversu óspillt og fámennt það er.
- Auka fræðslu og aðgengi að öðrum stöðum í nágrenninu.
- Auka þekkingu fólks á mikilvægi orkunnar sem við búum við og hvaða möguleika hín er að gefa okkur á tekjuöflun og tæknipekkingu og hvernig hægt er að standa að þessu án mikilla lýta á náttúrunni.
- Virkjun er neikvæð í heild sinni.
- Að hafa lónið eins djúpst og hægt er, þ.e.a.s. sem fæsta ferkilómetra. Sleppa því að virkja smærri ár við Snæfell, t.d. Kelduá, Hrakstrandarfoss, Laugarárveit, Grjótárveit, Hölnárveit u.fl.

3.6 Æskilegar framkvæmdir

Spurt var um hvað þyrfi að gera til að viðkomandi skipuleggðu fleiri ferðir með gesti til að skoða Brúaröræfi og Snæfellssvæðið.

Til að fýsilegt væri að fylga ferðum um svæðið töldu rúmlega 7/10 hlutar svarenda að leggja ætti fleiri gönguleiðir um svæðið eða gefa út eða endurbæta gönguleiðakort og nær 2/3 að auka þyrfi gistiþoguleika (undir þaki). Meirihlutinn vildi jafnframt að núverandi vegir/slóðar væru bættir og einnig tjaldstæði á svæðinu. Um 2/5 hlutar töldu þörf á leggja nýja vegi.

4. súlurit**Aðgerðir til að fjlöga ferðum á svæðið****- Brúaröræfi og Snæfellssvæði -****Annað sem gera þarf:**

- Útbúa jaðarmiðstöð með gistingu og fæði og gera aðgengi gott að henni. Halda svæðinu sem mest óbreyttu
- Sína Laugarvalladal. Gæta þess að hann verði ekki fyrir skemmdum.
- Náttúran er ástæða komu. Aðrir aðilar en Landsvirkjun geri vegi.
- Auka markaðssetningu. Góðir vegir ekki spennandi, slæmir vegir eru „part af programmet”.
- Mennta leiðsögumenn.
- Byrja á því að losa landið undan heljartaki raforkuframleiðenda.
- Kárahnjúkavirkjun þarf að vera aðgengileg.
- Mikilvægast að bæta gistiðstöðu.
- Hæfir leiðsögumenn.
- Aukin friðun, t.a.m. þjóðgarður og heildarskipulag.
- Gera aðgengilegt, án þess að spilla.
- Banna umferð um viðkvæm svæði, t.d. ekki um Eyjabakka fyrr en í júní.

3.7 Skoðun á fullyrðingum

Allir sem afstöðu tóku voru sammála því að vegakerfið á Snæfellssvæðinu og Brúaröræfum ætti að skipuleggja með þarfir ferðapjónustu og útvistar að leiðarljósi og 3/4 voru ósammála því að virkjunarframkvæmdir væru forsenda vegagerðar þar. Um 4/5 þeirra voru ósammála þeirri fullyrðingu að virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn en 3/4 voru sammála því að virkjanir og ferðapjónusta færur þar ekki vel saman. Meirihluti viðmælenda voru ósammála því að virkjunarmannvirki á svæðinu myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðapjónustu og útvist en rúmlega 2/5 voru því sammála. Rúmlega 9/10 voru sammála því að vinna ætti að stofnun eins stærsta þjóðgarðs í Evrópu á hálandinu norðan Vatnajökuls.

Allt að 1/4 hluti svarenda voru hlutlausir í afstöðu sinni til einstakra fullyrðinga. Í næstu töflu eru þeir taldir með.

9. tafla

Skoðun á fullyrðingum

	%	Sammála	Hlutlaus	Ósammála
Það á að skipuleggja vegakerfið á svæðinu með hagsmuni ferðaþjónustu og útivistar að leiðarljósi	83	17	0	
Virkjunarframkvæmdir eru forsenda þess að vegakerfið á svæðinu verði bætt	22	12	66	
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn	17	7	76	
Virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu fara ekki vel saman	62	19	19	
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og útivist	33	23	44	
Það á að vinna að því að gera hálandið norðan Vatnajökuls að einum stærsta þjóðgarði í Evrópu.	74	19	7	

3.8 Framtíðarsýn miðað við núll-lausn

Spurt var hvaða framtíðarsýn í ferðaþjónustu viðkomandi hefðu fyrir Brúaröræfi og Snæfellssvæðið ef Kárahnjúkavirkjun yrði ekki að veruleika. Flestir töldu að svæðið ætti framtíð fyrir sér í ferðaþjónustu sem lítt snortið útivistarsvæði, ef ekki kæmi til virkjunar við Kárahnjúka, einkum fyrir áhugafólk um náttúruskoðun og gönguferðir. Forsendan væri stofnun þjóðgarðs, bætt aðgengi, fræðsla og hófleg uppbygging á annarri þjónustu, s.s. gistingu og veitingum.

- Einstæð náttúruperla sem býður upp á ævintýratengda afþreyingu með djúpstæðum áhrifum af stórbrotinni náttúru. Eingöngu opið gönguferðamönnum, hestamönnum, litlum hópum, jeppum eða minibussum, kajak-eða vatnssportsfólki. Annað er tengist skoðun á jarðfræði eða náttúru. Svæðið verði að einhverju sem allir vilja sjá og skoða, innlendir sem erlendir.
- Það verður í öllum tilfellum að bæta vegakerfið fyrir ferðamenn, sérstaklega fyrir göngufólk. Svæðið er nógum stórt til að þola framkvæmdir á svæðinu.
- Þjóðgarður norðan Vatnajökuls.
- Möguleg gönguleið frá Snæfelli í Kverkfjöll. Fyrst og fremst gönguleiðir.
- Ósnortið.
- Bæta aðgengi að þessu mikla viðerni með einföldum vegum og bæta gistiðstöðu með byggingu skála ásamt merkingum gönguleiða. Dýralíf hefur mikið aðdráttarafl.

- . *Svæðið verði áfram óspillt og njóti virðingar ferðamanna og landsmanna, sem ferðast um önnur aðgengilegri svæði, sem óaðgengilegt fyrirmyndarsvæði.*
- . *Aukin umferð þeirra sem vilja njóta óspilltrar náttúru*
- . *Ef svæðið yrði gert að þjóðgarði hefði það miklu meira aðdráttarafl fyrir ferðamenn því flestir þeirra koma til Íslands af því að hér er ennþá að finna óspillta náttúru.*
- . *Sem ósnortin náttúra á svæðið mikla framtíð fyrir sér í ferðapjónustu.*
- . *Stofna þjóðgarð, auka framboð náttúrutengdrar ferðapjónustu, gönguferðir og náttúruskoðun. Mætti gera svæðið að lifandi kennslustofu í náttúruvísindum.*
- . *Ef hægt er að byggja upp þjónustu á svæðinu er möguleiki að draga þangað ferðamenn til þess að njóta ósnortinnar náttúru.*
- . *Dimmugljúfur og nágrenni eru kjörinn viðkomustaður fyrir gönguhópa.*
- . *Þjóðgarður. Menntun leiðsögumanna, sögusvæði, náttúruundur, þjóðlífssaga á svæðinu.*
- . *Þjóðgarður - víðerni.*
- . *Það þarf að taka frá víðfeðm svæði sem verða um aldur og ævi ósnortin. Kárahnjúkavirkjun er að mínu mati alltof mikið mannvirki. Vantar framtíðarsýn, náttúran nr. 1-3.*
- . *Skipulagðar veiðar á hreindýrum og gæs á haustin (ágúst – október). Tenging milli NA-lands og SA-lands yfir Vatnajökul (júní-ágúst) á farartækjum. Pjónustumiðstöð við Snæfell. Göngufólk (júlí -ágúst) yfir Lónsöræfi.*
- . *Svipað og nú er í gangi.*
- . *Fara í hæfilega vegalagningu, gistingu og merkja gönguleiðir. Útlendingar upplifa náttúruna og kyrrðina.*
- . *Að áfram verði til frábært svæði fyrir frjálsa ferðamennsku.*
- . *Ósnortið víðerni.*
- . *Þjóðgarður með nokkrum jaðar-og háleldismiðstöðvum. Mikil friðun en gott aðgengi að nokkrum lykil náttúruperlum.*
- . *Það verður fólkid á svæðinu að ákveða í samráði við ferðapjónustuna í heild.*
- . *Að svæðið verði stærsti þjóðgarður Evrópu. Það er ekki hægt að markaðssetja það og selja sem slíkt nema framtíðarsýn sé ákveðin.*
- . *Það á að vinna að því að gera svæðið norðan Vatnajökuls að þjóðgarði.*
- . *Það sem þyrfti að gera yrði svo mörg ár að borga sig.*
- . *Á að vera áfram eitt stærsta og ósnortnasta landsvæði Íslands*
- . *Þetta svæði hefur þegar verið kynnt duglega erlendis. Það mun skipa mikilsverðan sess í hugum Evrópubúa. Það er ekki þar með sagt að fólk muni þyrpast þangað en æ fleiri jarðarbúum þykir vænt um að vita að til skuli vera svæði sem mannshöndin hefur ekki umbreytt eða nýtt sér, t.d. til framleiðslu.*

VIÐAUKAR

Könnun meðal ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og útvistarfélaga

- svör við opnum spurningum

Áhrif virkjunarframkvæmda í Þjórsá, Tungnaá og Blöndu á ferðaþjónustu í nágrenninu

Jákvæð áhrif

- . Bættar samgöngur.
- . Betri vegir, meira útsýni.
- . Bættar samgöngur t.d. á húnvetnskum heiðum. Eykur ákveðna tegund ferðamennsku.
- . Betri vegir.
- . Samgöngur auðveldari.
- . Vegaframkvæmdir vegna Tungnaárvirkjana hafa opnað hálendið.
- . Flýtir lagningu vega.
- . Bætt aðgengi.
- . Aðgengi að þessum svæðum verður betra með betri vegum.
- . Betra aðgengi að svæðinu.
- . Skálar byggðir og vegir lagðir.
- . Betra aðgengi að náttúruperlum.
- . Hafa opnað ákveðin svæði til útvistara.
- . Vegir.
- . Vegakerfið hefur batnað.
- . Ég held að fólk hafi líka gaman að því að skoða virkjanir og afl þeirra.
- . Bætt aðgengi að svæðunum, betri vegir og meiri þjónusta, t.d. í Hrauneyjum.

Neikvæð áhrif

- . Svæðin hafa ekkert aðdráttarafl fyrir náttúruferðamenn. Sjónmengun mikil.
- . Spillir náttúruperlum og gróðri.
- . Bætt vegakerfi dregur úr fjallaímynd og breytir ferðamennsku.
- . Siglingar á Blöndu.
- . Línulagning til trafala, einkum hjá ljósmyndahópum.
- . Erlendir ferðamenn tala um manngert landslag og misþyrmingu á náttúru.
- . Sjónmengun fyrir vegfarendur.

- . Hefur ekki bara áhrif á þessu svæði heldur á ímynd Íslands almennt sem ósnertrar náttúruperlu. Í kjölfar virkjana kemur stóriðja.
- . Ljót mannvirki í náttúru Íslands. Ævintýraljóminn hverfur með betri vegum og skipulögðu svæði.
- . Eyðilegging á óspilltum náttúruperlum.
- . Við fórum ekki lengur með ferðamenn á þessi svæði nema á leið inn í Landmannalaugar eða keyrum í gegn.
- . Sjónmengun.
- . Færir óbyggðir og ósnortin svæði fjær.
- . Sjónmengun: virkjanir og lón.
- . Hefur skemmt ásýnd landsins. Forðumst öll svæði með miklum framkvæmdum.
- . Mannvirki, ekkert of falleg, hafa risið þar sem hús eiga ekki að vera.
- . Erlendir ferðamenn koma til Íslands til að upplifa óspillta náttúru.

Áhrif núverandi virkjunar mannvirkja á ferðapjónustu og ferðamenn

Spurt var um áhrif eftirtalinna mannvirkja:

*Miðlunarlón og stíflur
Háspennulínur
Virkjana-og línuvegir
Stóriðjuver*

Útskýringar

- . Það er ekki aðlaðandi að hafa stóriðjuver og ljót mannvirki fyrir augum. Ímynd landsins og landkynning skapar væntingar ferðamanna til ónortinnar náttúru, kyrrðar og hreinleika.
- . Stóriðjuver eiga að spilla sem minnst landslagi og falla vel inn í það. Virkjanir og vegir opna nýja og betri mögileika á því að ferðast án þess að skaða náttúruna.
- . Bæði jákvæð og neikvæð. Stóriðjuver skipta litlu máli.
- . Háspennulínur valda alltaf sjónmengun. Aðrir þættir hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif vegna mannanna verka, vekja forvitni ákveðinnar „tegundar“ ferðamanna. Betri vegir auðvelda aðkomu. Á sama tíma breytist ásýnd landsins og við missum hálandisímynd og óspillta ímynd þess.
- . Miðlunarlón og stíflur minnka svæði fyrir gönguhópa. Háspennulínur eru sjónmengun og trufla ferðamenn í að rata. Stóriðjuver valda sjónmengun og minnka vatnsmagn fyrir siglingar.
- . Enn eru stóriðjuver ekki svo mörg að þau falli ekki inn í landslagið.
- . Af þessum mannvirkjum er mikil sjónmengun.
- . Áhrif ofannefndra þátta á ferðapjónustu hljóta að vera mjög mikil og margþætt. Áhrif á ferðamenn eru yfirleitt neikvæð.
- . Fólk sem kemur til Íslands væntir þess að sjá ómengau og óspillta náttúru. Þannig að fólk lítur á stóriðjuver sem mengunarvald.
- . Hið ósnortna Ísland á í vökk að verjast, samkvæmt samtölum við ferðamenn.

- Stóriðjuver brjóta í bága við ímynd Íslands sem ferðamannalands. Háspennulínur eru sjónmengun.
- Vegir auðvelda aðgengi að stöðum en ekki er að vænta lagnigar þeirra vegna ferðapjónustunnar sjálfrar.
- Línuvegir hafa veitt aðgang að svæðum sem áður var ekki hægt að fara inn á.
- Háspennulínur stinga í stúf.
- Það sem er jákvætt er aukið aðgengi. Hið neikvæða er gífurleg sjónmengun vegna hönnunar bæði orkuvera og eins háspennulína þar sem alltaf virðist valin stysta leiðin.
- Vegir, jafnvel frumstæðir, eru nauðsynlegir. Annað má ekki hreyfa í náttúrunni - svo að sjáist.
- Sum mannvirki hafa neikvæð áhrif, önnur engin og enn önnur jákvæð.
- Hafa lítil áhrif.
- Sumstaðar þyrfti bættar samgöngur en ekkert af ofantöldum mannvirkjum bætir þá ímynd sem við seljum af landinu
- Sumu fólkir þykir merkilegt hversu hreina orku við framleiðum en aðrir kunna ekki að meta neitt slíkt.
- Spillir ósnortinni náttúru og vekur neikvætt umtal ferðamanna.
- Það er yfirleitt gengið mjög vel frá mannvirkjum og línuvegir gefa fleirum kost á að skoða svæðið og umhverfið í kring en háspennulínur út um allt geta skemmt umhverfispáttinn.
- Bætt aðgengi með bættum vegum og vegalagningu.
- Náttúra Íslands hefur algjöra sérstöðu, hún er einstök og afar viðkvæm. Erlendir ferðamenn vita hinsvegar að Íslendingar nýta vatnsaflíð.
- Háspennulínur skera í sundur sjóndeildarhringinn.

Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á ferðamennsku á Íslandi og á Austurlandi

Áhrif á Íslandi

- Mjög neikvæð. Alvarlegt skref í átt að meiri eyðileggingu. Dýrmætt land fyrir vaxandi ferðamennsku er sækir í töfra óbyggða.
- Gljúfrunum spillt.
- Svæðið er nógu stórt til að þola framkvæmdir ef þær falla vel inn í náttúruna.
- Sumir skoða framkvæmdir en aðrir leiða þær hjá sér.
- Sjónmengun og minni möguleikar á siglingum.
- Fleiri svæði sem ferðast má um, meiri dreifing ferðamanna og fleiri ferðamenn.
- Slæm áhrif ef það er mikil sjónmengun. Landið er ekki lengur óspillt. Það sem er jákvætt eru greiðari samgöngur.
- Ef litið er til vegaframkvæmda sem fylgja slíkum virkjunum virðist mögulegt að virkjun geti haft veruleg áhrif á landsvísu.
- Fleiri fá að njóta þeirrar náttúru sem þar er. Það eru e.t.v. ekki nema örfáir göngugarpar sem fá notið hennar nú. Hvað með alla hina sem langar þangað en komast ekki?
- Svæðið ætti að friða. Ferðamenn koma ekki hingað til að skoða steinsteypu.

- Neikvæð úti í heimi.
- Lítill áhrif.
- Hætta á að álit og ímynd landsins bíði hnekki.
- Við höfum markaðssett Ísland sem ósnert og óspillt. Þessi staður norðan Vatnajökuls gefur okkur raunverulega möguleika á því að gera slíkt markvisst. Fyrirhuguð Búðarhálsvirkjun er á svæði sem nú þegar er virkjanavætt en Kárahnjúkavirkjun ekki.
- Stórt óspillt landsvæði lagt undir stórar framkvæmdir.
- Þessar framkvæmdir eru nú kunnar erlendis. WWF fylgist grannt með þeim o.fl. samtök.

Áhrif á Austurlandi

- Hefur neikvæð áhrif á ímynd Austurlands og ógnar stöðu svæðisins með aðgengi að villtum náttúruperlum. Kemur í veg fyrir tækifæri Austfirðinga að markaðssetja landshlutann til þess að efla þessa tegund ferðamennsku.
- Gljúfrunum spillt (sama og áður).
- Betri ferðamöguleikar fyrir skipulagða hópa . Einnig skapar þetta atvinnu fyrir byggðarsvæðið.
- Sumir skoða framkvæmdir aðrir leiða þær hjá sér (sama og áður).
- Sjónmengun og minni möguleikar á siglingum (sama og áður).
- Ákveðnir ferðamenn hafna því alfarið að koma á svæðið vegna yfirlangs gagnvart hreindýrum.
- Fólk muna hafa meiri áhuga á svæðinu þar sem þjónusta mun aukast.
- Ætti að höfða til fleiri ferðahópa sem vilja skoða náttúruna og kraftinn sem við bíum yfir hér á landi.
- Neikvætt úti í heimi (sama og áður).
- Austfirðingar munu ekki geta markaðssett svæðið sem ósnortna náttúru.
- Háslón mun hefta fór að vetrarlagi um þetta svæði.
- Þetta eru perlur Austfirðinga.
- Mun hætta að skipuleggja ferðir á Austurhálendið.
- Höfuðástæða þess að ferðamenn fara austur er sú hve auðvelt þar er að komast inn á hálendið og upplifa óspillta náttúru.

Er markaður fyrir því að skoða hæstu stíflu í Vestur Evrópu?

Útskýringar

- Alls ekki markaður.
- Margir hafa áhuga á að sjá vel skipulagðar framkvæmdir vegna atvinnu sinnar.
- Sérstakt að skoða slíkt.
- Trúlega mætti koma þar við með ferðamenn sem eru hér í öðrum erindagjörðum en ég tel hæpið að almennir ferðamenn komi frá öðrum löndum gagngert þessa erindis. Hinsvegar mætti sjálfsgagt sækja afmarkaða ferðafaghópa í því skyni, t.d. verkfræðinga.

- Mikil mannvirki hafa einfaldlega mikið að dráttarafl fyrir obbann af mannfólkini, t.d. Eiffeltturninn og Pýramídarnir.
- Því miður ekki.
- Sjálfsgagt má búast við að einhverjur vilji skoða slík mannvirki enda þótt telja verði verkefnið neikvætt í heild sinni
- Náttúruunnendur hafa engan áhuga á steinsteypu.
- Stórir möguleikar að sjálfsögðu.
- Betra væri samt að hún væri annarsstaðar en á Íslandi. Annars er áreiðanlega áhugi fyrir því.
- Fólk kemur ekki til Íslands til að skoða mannvirki, heldur náttúrundur.
- Sumir hafa áhuga á þessum hlutum.
- Ekki eins og er. Hins vegar tel ég vera markað fyrir því að skoða stærstu óbyggðir í Evrópu.
- Ferðamenn á Íslandi eru oft vel menntaðir og áhugasamir um náttúru og vísindi.
- Ferðamenn koma á þetta svæði til að skoða óspillta náttúru landshlutans.
- Enn og aftur – fólk kemur til Íslands til að upplifa einstæða náttúru en ekki til að skoða mannvirki.

Kárahnjúkavirkjun og ferðaþjónusta

Verið er að vinna að umhverfismati vegna hugsanlegrar Kárahnjúkavirkjunar á hálendinu norðaustan Vatnajökuls. Við þá vinnu þarf að afla fjölþættra gagna. Tilgangurinn með þessari könnun, er að afla upplýsinga meðal fulltrúa innlendra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Er það liður í að meta gildi svæðisins norðaustan Vatnajökuls, þ.e. Snæfellssvæðið og Brúaröræfi, með tilliti til útvistar og ferðamennsku.

Pátttaka þín í þessari könnun er afar mikilvæg og farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

1. a. Skipuleggið þið ferðir á Snæfellssvæðið og / eða Brúaröræfi?

Nei 1 Já 2 → Áætlaður fjöldi gesta árið 1999 _____ manns

Áætlaður fjöldi gesta árið 2000 _____ manns

b. Hvaðan koma þessir gestir? Greindu frá hlutfallsskiptingu þeirra, ef mögulegt er.

Skandinavíu	<input type="checkbox"/>	_____ %	USA	<input type="checkbox"/>	_____ %
Þýskalandi	<input type="checkbox"/>	_____ %	Hollandi	<input type="checkbox"/>	_____ %
Frakklandi	<input type="checkbox"/>	_____ %	Ítalíu	<input type="checkbox"/>	_____ %
Bretlandi	<input type="checkbox"/>	_____ %	Annað	<input type="checkbox"/>	_____ %

2. Hvaða áhrif hafa virkjunarframkvæmdir í Þjórsá, Tungnaá og Blöndu haft á ferðamenn og ferðaþjónustu á þeim svæðum? Krossaðu við tvennt ef þú telur þörf á.

Jákvæð 1 Útskýrðu: _____

Engin 2

Neikvæð 3 Útskýrðu: _____

3. Telur þú að eftirtalin mannvirki, sem risið hafa síðustu áratugi, hafi haft áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu á Íslandi?

	Neikvæð	Engin	Jákvæð	Veit ekki
Miðlunarlón og stíflur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Hápennulínur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Virkjana-og línuvegir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Stóriðjuver	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

Útskýrðu: _____

4. Má ætla að Kárahnjúkavirkjun, verði hún að veruleika, hafi áhrif á ferðamennsku ...

a. ... á Íslandi öllu? Neikvæð 1 Engin 2 Jákvæð 3

Útskýrðu _____

b. ... á Austurlandi? Neikvæð 1 Engin 2 Jákvæð 3

Útskýrðu _____

5. Verði Kárahnjúkavirkjun að veruleika - hvaða mótvægisaðgerðir telur þú nauðsynlegar til að viðhalda aðdráttaraflí svæðisins?

6. Telur þú vera markað fyrir aukna þjónustu við gesti á byggingartíma virkjana?

Fræðsluskilti við framkvæmdasvæði Nei 1 Já 2

Skipulögð leiðsögn um framkvæmdasvæði Nei 1 Já 2

Aðrar hugmyndir: _____

7. Telur þú vera markað fyrir því að skoða hæstu stíflu í Vestur-Evrópu?

Nei 1 Já 2

Útskýrðu: _____

8. Hver er skoðun þín á eftirfarandi fullyrðingum?

	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Veit ekki
Það á að skipuleggja vegakerfið á svæðinu með hagsmuni ferðaþjónustu og útvistar að leiðarljósi.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Virkjunarframkvæmdir eru forsenda þess að vegakerfi á svæðinu verði bætt.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa aðráttarafl fyrir ferðamenn.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu fara ekki vel saman.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og útvist.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Það á að vinna að því að gera háleldið norðan Vatnajökuls að einum stærsta þjóðgarði í Evrópu.	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

9. Hvað þarf að gera til svo þið sendið (fleiri) gesti á svæðið? Merktu við allt sem skiptir mál.

Lagfæra núverandi vegi	<input type="checkbox"/>	Bæta gismöguleika	<input type="checkbox"/>
Leggja nýja vegi	<input type="checkbox"/>	Bæta tjaldstæði	<input type="checkbox"/>
Bæta reiðleiðir	<input type="checkbox"/>	Auka skipulagða afþreyingu	<input type="checkbox"/>
Fjölga merktum gönguleiðum	<input type="checkbox"/>	Bæta aðra þjónustu	<input type="checkbox"/>
Bæta/gefa út gönguleiðakort	<input type="checkbox"/>	Ekkert (óbreytt ástand)	<input type="checkbox"/>

Annað sem þarf að gera:

10. a. Telur þú að fyrirhuguð virkjunarmannvirki á svæðinu hefðu áhrif á upplifun þína af því?

Já 1 Nei 2 Veit ekki 3

b. Ef já. Hvaða áhrif?

11. Hvaða áhrif telur þú að fyrirhuguð Kárahnjúkavirkjun hefði á tíðni heimsókna þinna á svæðið?

Kæmi sjaldnar 1 Kæmi jafn oft 2 Kæmi oftar 3 Veit ekki 4

12. Hvaða framtíðarsýn í ferðaþjónustu hefur þú fyrir svæðið, verði Kárahnjúka-virkjun ekki að veruleika?

Kárahnjúkavirkjun v/ mats á umhverfisáhrifum

- **símakönnun október 2000** (hluti af viðameiri könnun)

1. Kyn: Karl ₁ Kona ₂
2. Aldur: _____ ár
3. Búseta (póstnúmer) : _____
4. Starf: _____
5. Hefur þú komið upp á hálendi Íslands?
Nei ₁ Já ₂

Ef svarið er nei - næst í spurningu 8.

6. a. Fórst þú upp á hálendi Íslands síðastliðið sumar (jún-sept)?
Nei ₁ Já ₂ > b. Hve oft? _____


Ef svarið er nei - næst í spurningu 8.

7. a. Fórst þú á eftirtalda staði á hálendi Íslands, síðastliðið sumar (jún-sept)?

Herðubreiðarlindir	Nei <input type="checkbox"/> ₁ Já <input type="checkbox"/> ₂
Kverkfjöll	Nei <input type="checkbox"/> ₁ Já <input type="checkbox"/> ₂
Fyrirhugað framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar	Nei <input type="checkbox"/> ₁ Já <input type="checkbox"/> ₂ > b. Í hvaða tilgangi? _____

8. Hefur þú kynnt þér, t.d. í fjölmöldum, hugmyndir um framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar?
Nei ₁ Já ₂

9. Hefur þú kynnt þér, t.d. í fjölmöldum, hugmyndir um þjóðgarð á hálendinu norðan Vatnajökuls?
Nei ₁ Já ₂



Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal og af Hraunum, NA-Vatnajökuls

Fyrirhugðuð Kárahnjúkavirkjun með veitu frá Jökulsá í Fljótsdal og úr drögum Kelduár á Hraunum verður um 700 MW, þefalt aflmeiri en Búrfellsvirkjun. Gert er ráð fyrir að að stífla Jökulsá á Dal og mynda þannig helsta miðlunarlón virkjunarinnar, Háslón, sem verður 57 km² að stærð. Nokkur smærri lón munu þekja 10-20 km² lands. Til samanburðar er Þingvallavatn 84 km² og Mývatn 37 km². Aðalstíflan í Háslóni verður 190 m há þar sem hún er hæst og 770 m löng og verður í efsta hluta Dimmugljúfra. Að auki verða tvær stíflur til hliðar við aðalstífluna, önnur 32 m há og hin 54 m há. Einnig verður reist 40 m há stífla í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og neðan við Eyjabakka, þar sem verður lítið inntakslón fyrir veitu hennar og Kelduár og 6-7 minni stíflur. Vatni úr Háslóni (Jökulsá á Dal), Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá verður veitt í 40 km löng jarðgöng í stöðvarhúsið sem einnig verður neðanjarðar, um 3 km sunnan við Valþjófsstað í Fljótsdal. Rennsli Lagarfljóts mun aukast og því verður farvegur þess dýpkaður neðan við Egilsstaði, en rennsli Jökulsá á Dal (Jöklu), Jökulsá í Fljótsdal og Kelduár minnkar verulega. Upp-byggður vegur (25 km) verður lagður frá Laugarfelli í Fljótsdal vestur að fyrirhuguðu Háslóni. Vegur frá Háslóni og norður að Brú í Jökuldal (28 km) verður endurbættur. Í lónstæði Háslóns eru merkar jarðfræðiminjar og svæði sem eru nýtt af hreindýrum.

VIÐAUKI V

